

Öflug endurreisn íslensks efnahagslífs eftir
kórónuveirufaraldurinn veltur á hraðri viðspyrnu
ferðapjónustunnar.

Það hvernig rekstrarumhverfi og samkeppnishæfni ferðapjónustu verður háttað á endurreisnartímabilinu næstu fjögur ár mun því skipta höfuðmáli varðandi það hversu hratt verðmætasköpun ferðapjónustu fyrir samfélagið getur vaxið.

Til að styðja við öfluga endurreisn hafa Samtök ferðapjónustunnar gefið út Vegvísi um viðspyrnu ferðapjónustu til 2025. Í vegvisinum eru dregnar saman mikilvægar áherslur um starfsumhverfi atvinnugreinarinnar og tillögur að aðgerðum stjórnvalda sem eru nauðsynlegar til að flýta viðspyrnu hennar, styðja við endurreisn efnahagslífs og takmarka neikvæð og langvarandi samfélagsleg áhrif faraldursins.

Vegvísirinn er birtur í heild á vefnum <http://vidspyrnan.is>. Í tengslum við vegvísinn hefur SAF einnig birt árangursmælaborð á vefnum þar sem ýmis mælanleg markmið sem tengjast viðspyrnunni og framtíðarsýn ferðapjónustunnar eru sett fram til ársins 2025.



VEGVÍSIR UM **VIÐSPYRNU**
FERÐAÞJÓNUSTU TIL 2025



A person in a dark jacket and pants stands on a mossy rock in the foreground, looking up at a massive, powerful waterfall cascading down a dark, craggy cliff face. The water is white and frothy as it falls. The scene is dramatic and emphasizes the scale of nature.

ÖFLUG VIÐSPYRNA FERÐAÞJÓNUSTU ER **FORSEND** EFNAHAGSLEGRAR ENDURREISNAR SAMFÉLAGSINS

Viðspyrnan helst í hendur við framgang markmiða stefnuramma um ferðaþjónustu til 2030

Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu – stefnurammi til 2030, var mótuð í samvinnu Samtaka ferðaþjónustunnar og stjórnvalda haustið 2019. Yfirmarkmið stefnurammans eru að Íslensk ferðaþjónusta verði leiðandi í sjálfbærri þróun, hún sé arðsöm og samkeppnishæf atvinnugrein sem starfi í sátt við land og þjóð. Þá skuli stefnt að því að ferðaþjónusta stuðli að bættum lífskjörum og hagsæld á Íslandi og að hún sé þekkt fyrir sjálfbæra þróun, gæði og einstaka upplifun.

Viðspyrnan veltur á ákvörðunum stjórnvalda um starfsumhverfi ferðaþjónustu

Þann 25. september 2021 fara fram kosningar til Alþingis. Þá hefst nýtt kjörtímabil sem rammar inn þau fjögur ár þar sem mestu skiptir að ferðaþjónusta nái hröðum vexti á ný til að styðja við efnahagslega endurreisn samfélagsins. Kjörtímabilið nær einnig yfir helming tímans sem stefnuramminn tekur til. Ákvarðanir sem teknar verða af núverandi ríkisstjórn á næstu mánuðum og af nýrri ríkisstjórn strax í upphafi næsta kjörtímabils munu því hafa úrslitaáhrif á það hvort hraðri viðspyrnu og nauðsynlegri verðmætasköpun verður náð í ferðaþjónustu og efnahagslífinu í heild.

Hröð viðspyrna lágmarkar neikvæð og langvarandi samfélagsleg áhrif

Í skýrslu KPMG (2020) um þróun starfsumhverfis ferðaþjónustunnar kemur fram að eftir því sem viðspyrna ferðaþjónustu dregst á langinn eykst samfélagslegur kostnaður. Hröð viðspyrna ferðaþjónustunnar er því ekki aðeins grundvöllur nauðsynlegrar aukningar í verðmætasköpun, til að vinna upp tap sem orðið er af efnahagskreppunni, heldur einnig grundvöllur þess að komið verði í veg fyrir enn frekari samfélagslegan kostnað af völdum hennar. Leiðin til að koma í veg fyrir meiri samfélagslegan kostnað á næstu árum liggur í aðgerðum til að styðja við jákvæða þróun og hraða viðspyrnu.

VEGVÍSIR UM VIÐSPYRNU FERÐAÞJÓNUSTU TIL 2025

1

REKSTRARUMHVERFI FYRIRTÆKJA

Stjórnvöld geri markvissar breytingar á rekstrarumhverfi fyrirtækja til að auka samkeppnishæfni, auðvelda fyrirtækjum að ráða starfsfólk og byggja upp stöðugan rekstur að nýju. Létt verði á íþyngjandi gjalda-, og reglubyrði ferðapjónustu-fyrirtækja til að styðja við atvinnusköpun. Léttari byrðar auka möguleika á hraðari viðspyrnu og vexti sem skilar samfélaginu meiri arði.

Bætt samkeppnishæfni

Gerðar verði breytingar á rekstrarumhverfi sem bæta samkeppnishæfni ferðapjónustufyrirtækja, t.d. verði virðisaukaskattur á ferðapjónustu lækkaður í 7% til 2024, tryggingagjald lækkað myndarlega frá ársbyrjun 2022 og heimild til álags á fasteignaskatta afnumin og reikniregla þeirra færð til samræmis reiknireglum á Norðurlöndum.

Minni sértæk gjaldtaka

Létt verði á sértækum sköttum og gjaldtöku af ferðapjónustugreinum með beinum aðgerðum. Þar verði m.a. horft til varanlegs afnáms gistináttskatts, lækkunar þjónustugjalda opinberra aðila, tímabundinnar endurgreiðslu áfengisgjalds til veitingahúsa og ívilnana á gjöldum er hafa bein áhrif á rekstur fyrirtækja.

Einföldun regluverks

Gerð verði tímasett áætlun um einföldun regluverks ferðapjónustu sbr. t.d. samkeppnismat OECD frá 2020. Horft verði til þverlægs eðlis ferðapjónustu í stjórnerfinu og nauðsynlegrar þátttöku fleiri ráðuneyta. Sérstök áhersla verði lögð á stóráukna og einfaldaða rafræna stjórn-sýslu t.d. varðandi leyfisveitingar.

Inngrip Seðlabanka

Inngrip Seðlabanka í gengisþróun taki skýrt mið af hagsmunum útflutningsgreina til að styðja við aukna verðmætasköpun og hraða viðspyrnu.

2

MARKAÐSSETNING FERÐAÞJÓNUSTU ERLENDIS

Stjórnvöld auki verulega við fjármagn til neytendamarkaðssetningar ferðapjónustu. Koma þarf til móts við harðnandi alþjóðlega samkeppni til að kynna og viðhalda aðdráttarafli áfangastaðarins og tryggja verðmætasköpun ferðapjónustu fyrir samfélagið. Líta þarf til þess sem samanburðarlönd verja til markaðssetningar per ferðamann en Ísland er þar eftirbátur.

Neytendamarkaðssetning

Auka þarf verulega við framlag ríkisins til neytendamarkaðssetningar Íslandsstofu á ferðapjónustu erlendis. Framlagið verði 1-1,5 ma.kr. árlega til að halda í við samanburðarlönd. Framlag ríkisins til markaðssetningar ferðapjónustu verði varanleg skuldbinding, ekki átaksverkefni, enda er um mjög arðbæra fjárfestingu að ræða fyrir samfélagið allt (ROI 26:1).

Vetrarferðamennska

Sérstök áhersla verði lögð á að auka vetrarferðamennsku með stækkun/útvíkkun markaðssetningarátaksins Saman í sókn veturna 2021-22 og 2022-23.

Markaðsstuðningur við flug

Stutt verði við endurræsingu markaðssetningar erlendis 2021-2023 með hvetjandi markaðsstuðningi við flugfélög sem bjóða upp á flug til Íslands.

3

ÚRVINNSLA SKULDAVANDA

Stjórnvöld taki frumkvæði í aðgerðum til úrlausnar skuldavanda ferðapjónustu-fyrirtækja á sambærilegum grundvelli og gert var eftir bankahrunið 2008 (Beina brautin). Stjórnvöld leiði vinnu við samkomulag hins opinbera, fjármála-stofnana og hagaðila um ramma við úrvinnslu skulda fyrirtækja og ýti undir örvun fjárfestinga í fyrirtækjum í greininni.

Frestun opinberra gjalda

Greiðslum ferðapjónustufyrirtækja (opinberar og bankar) út árið 2021/inn í árið 2022 (moratorium) verði frestað þar til tekjumyndun er hafin að marki á ný þ.m.t. að greiðslu fasteigna-gjalda/skatta (útiðstandandi frá 2020 og öllu 2021) verði frestað um tvö ár.

Beina brautin undirbúin

Tekið verði á skuldavanda lífvænlegra fyrirtækja sem hefur myndast vegna faraldursins og fyrirheit gefin um fjárhagslega endurskipulagningu þegar hann er að baki og starfsemi er hafin á ný. Byggt verði á hliðstæðum aðferðum og beitt var við "Beinu brautina" við úrlausn skulda minni fyrirtækja eftir fjármálahrunið.

Fjárfestingasjóður

Stofnun fjárfestingasjóðs með þátttöku lífeyrissjóða með það að markmiði að bæta eiginfjárstöðu lífvænlegra fyrirtækja.

Mögulegar stuðningsaðgerðir

Úrræði stjórnvalda til stuðnings ferðapjónustu næsta vetur, ef aðstæður verða til þess að sumarvertíð ferða-pjónustu bregst alveg, verði undirbúin.

4

EFTIRLIT MEÐ ERLENDRI OG ÓLÖGLEGRI STARFSEMI

Stjórnvöld setji af stað markvisst átak til að takmarka eins og kostur er erlenda og ólöglega starfsemi og félagsleg undirboð í ferðapjónustu. Ólögleg starfsemi og skekkt samkeppni við erlend fyrirtæki hamlar íslenskum ferðapjónustufyrirtækjum verulega. Flutningur fyrirtækja úr landi vegna þessa er þegar hafinn með óhjákvæmi-legu verðmætatapi fyrir samfélagið.

Tillögur um skilvirkara eftirlit

Stjórnvöld hrindi í framkvæmd lykilaðgerðum byggðum á tillögum um skilvirkara eftirlit með erlendri og ólöglegri starfsemi er koma fram í skýrslu SAF frá 5. mars 2019. Aðgerðirnar hafi að markmiði að styðja við verðmætasköpun innanlands, koma í veg fyrir flutning fyrirtækja og þjónustu úr landi og treysta fylgni við leikreglur á vinnumarkaði.

Greining hindrana og úrbætur

Gerð verði greining á hindrunum er koma í veg fyrir skilvirkara eftirlit stofnana og úrbætur gerðar þar sem þeirra er þörf til að eftirlit skili raunverulegum árangri.

Betri samvinna eftirlitsaðila

Sagt verði fyrir um nauðsynlegt samstarf eftirlitsstofnana í lögum til að auka skilvirkni og árangur eftirlits. Verklag við framkvæmd eftirlits verði einfaldað til að létta á íþyngjandi þáttum gagnvart fyrirtækjum.

5

ÁRANGURSRÍKARI STJÓRNSÝSLA FERÐAMÁLA

Stjórnvöld leggi fram tímasetta áætlun um umbætur í stjórnsýslu ferðamála með það að markmiði að auka og bæta samvinnu ráðuneyta og stofnana um málefni ferðapjónustu og einfalda og styrkja stjórnsýslu atvinnugreinarinnar. Sterk, samþætt og hnitmiðuð stjórnsýsla styður við markmið stefnumörkunar og auðveldar fyrirtækjum að vinna og vaxa.

Ráðuneyti ferðamála

Atvinnuvegaráðuneytinu verði skipt upp í ráðuneyti ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar annars vegar og ráðuneyti landbúnaðar og sjávarútvegs hins vegar. Við vinnuna verði tækifærið nýtt til að styrkja skipulag og stjórnsýslu ferðamála innan hins nýja ráðuneytis.

Öflugri Ferðamálastofa

Starfsemi Ferðamálastofu sem lykilstjórnsýslustofnunar atvinnugreinarinnar verði eflld. Hlutverk og verkaskipting ráðuneytis/skrifstofu ferðamála og Ferðamálastofu verði gerð skýrari. Tengsl og samvinna Ferðamálastofu við aðrar stofnanir er snerta málefni ferðapjónustu verði eft og samræmingarhlutverk hennar í stjórnsýslu ferðapjónustu verði skýrt.

Ferðamálaráð

Ferðamálaráð verði skipað fulltrúum er sátu í stjórn Stjórnstöðvar ferðamála tímabundið, eða til ársloka 2022, til að tryggja samfellu í samtali atvinnugreinarinnar við stjórnvöld og stuðning við viðspyrnu á meðan áhrif farsóttar og sóttvarna varir.

6

GAGNAÖFLUN, ÚRVINNSLA OG RANNSÓKNIR

Stjórnvöld styðji við og tryggi sameiginlegan skilning á áhrifum ferðamanna á efnahag, umhverfi og samfélag í samræmi við þá formlegu samvinnu sem fram hefur farið og fram fer innan alþjóðatofnana. Til að því marki verði náð þarf að tryggja til langframa vinnslu ferðapjónustureikninga (TSA) hjá Hagstofu Íslands, sem og notkun þeirra sem grunnheimildar í áætlanagerð ríkisins, t.d. við gerð fjármálaáætlunar og fjárlaga.

Ferðapjónustureikningar

Ferðapjónustureikningar (Tourism Satellite Account) verði skilgreindir sem eitt af lögbundnum verkefnum Hagstofu Íslands, sbr. 1. og 2. gr. laga 163/2007. Gert verði ráð fyrir fjárframlagi til a.m.k. tveggja stöðugilda í fjárlögum til útreiknings og úrvinnslu ferðapjónustureikninga. Samhengi gagnaöflunar og áætlanagerðar fyrir atvinnugreinina verði bætt og fært til samræmis við aðrar atvinnugreinar.

Alþjóðlegt samanburðarhæfi

Gagnaöflun og -greining opinberra aðila um ferðapjónustu taki mið af alþjóðlegum stöðlum svo samræmi og samanburðarhæfi sé tryggt.

Rannsóknir í ferðapjónustu

Framlag ríkisins til rannsókna í ferðapjónustu verði tvöfaldað og tryggt að rannsóknir séu markvissar og byggðar á aðferðafræðilega sterkum grunni.

Greining og úrbætur

Stjórnvöld leiði átak í greiningu á gagnaöflun í ferðapjónustu (hvar og hvaða gagna er aflað, hvar og hvernig þau eru nýtt) og hún nýtt til að styrkja nýtingu gagna hjá opinberum og einkaaðilum. Sérstaklega verði horft til þess hvernig bæta megi söfnun, úrvinnslu og birtingu rauntímagagna.

VEGVÍSIR UM VIÐSPYRNU FERÐAÞJÓNUSTU TIL 2025

7

FÁGÆTIS-, HEILSU- OG HVATAFERÐAÞJÓNUSTA

Stjórnvöld taki markviss skref til að styðja við fágætis-, heilsu- og hvataferðþjónustu til að efla verðmætasköpun en neysla hvers gests í þessum greinum er almennt meiri en annarra. Stefnt sé að því að verðmæti þessara greina hér á landi verði sambærileg verðmætahlutfalli þessara greina í samanburðarlöndum sem náð hafa hvað bestum árangri.

Greining og aðgerðir

Unnin verði greining á því hvaða aðgerðir hafi skapað aðstæður til aukinnar verðmætasköpunar þessara greina í nágrannalöndum og hvað hamli vexti þeirra á Íslandi. Ráðist verði í aðgerðir á grundvelli greiningarinnar með það að markmiði að auka verðmætahlutfall þessara greina af verðmætasköpun ferðþjónustu í heild til samræmis við árangursrík samanburðarlönd.

Markaðssetning

Aukin áhersla verði lögð á markaðssetningu á þessum sviðum m.a. með beinum stuðningi við fyrirtæki sem búa yfir sérhæfingu og beinum samskiptaleiðum við markhópa á þessum sviðum.

Endurgreiðslukerfi VSK

Endurgreiðslukerfi VSK til hvata- og fágætisferðahópa verði einfaldað, bætt og kynnt sérstaklega. Horft verði til núverandi endurgreiðslukerfis vegna ráðstefnuhópa í Danmörku til samanburðar.

Öflun starfsfólks

Tekin verði skref til að einfalda ferli og kröfur við innflutning á sérhæfðu starfsfólki frá ríkjum utan EES svæðisins, með þekkingu og reynslu sem eykur hæfni og gæði í greininni.

8

EFLING ATVINNUTÆKIFÆRA Á LANDSBYGGÐINNI

Stjórnvöld styðji við aukningu fjölbreyttra atvinnutækifæra og eflingu byggðar og sterkra samfélaga á landsbyggðinni með stefnumörkun, aðgerðum og jákvæðum fjárhagslegum hvötum sem styðja við uppbyggingu ferðþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins. Stefnumörkun og aðgerðir taki mið af markmiðum Framtíðarsýnar ferðþjónustu til 2030.

Greining og úrbætur

Gerð verði greining á áhrifum atvinnusköpunar ferðþjónustu á landsbyggðinni undanfarin 10 ár sem nýtt verði til að styðja við stefnumörkun stjórnvalda um eflingu atvinnutækifæra á kjörtímabilinu í samræmi við Framtíðarsýn ferðþjónustu til 2030. M.a. verði teknar ákvarðanir um aðgerðir til eflingar alþjóðaðflugs og/eða betri tengingar innanlandsflugs til að bæta dreifingu ferðamanna um landið.

Fjárhagslegir hvatar

Ríki og sveitarfélög sameinist um að skapa jákvæða fjárhagslega hvata fyrir fyrirtæki til að flytja eða auka starfsemi á landsbyggðinni t.d. með tímabundinni endurgreiðslu fasteignagjalda eða stuðningi við byggingu húsnæðis fyrir starfsfólk.

Atvinnuþróun og nýsköpun

Aðgengi að fjármagni til fjárfestinga í vöruþróun, nýsköpun og fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni verði bætt og aukið. Ríkið hvetji til og komi til móts við kostnað sveitarfélaga af ráðningu atvinnuþróunarfylltrúa í fullt starf á tímabilinu 2022-2025.

Tillögur um atvinnusköpun

Bent er á tillögur í skýrslu SAF um 10 leiðir til að efla ferðþjónustu og atvinnusköpun á landsbyggðinni.

9

HÆFNI OG FRÆÐSLA STYÐJA VIÐ GÆÐI OG VERÐMÆTASKÖPUN

Stjórnvöld efla uppbyggingu fræðslu og menntunar í ferðþjónustu í samræmi við markmið um hæfni, þekkingu og gæði í stefnurammanum. Samkeppnishæfni, sjálfbær þróun ferðþjónustu og ávinningur samfélagsins af greininni byggir á að upplifun og gæði samræmist verði. Þar gegnir góð og fjölbreytt menntun með möguleikum til starfsþróunar og þrepa-skipts starfsnáms lykilhlutverki.

Hæfnisetur ferðþjónustunnar

Varanleg fjármögnun Hæfnisetsurs ferðþjónustunnar verði tryggð á fjárlögum og m.a. gert ráð fyrir framlagi til markaðssetningar á heildstæðu námi og raunfærnimati í ferðþjónustu.

Mótun hæfnistefnu

Mótuð verði hæfnistefna fyrir ferðþjónustu, byggð á færnisþám og þarfagreiningu. Niðurstöður nýttar til uppbyggingar á viðurkenndu starfsnámi.

Öflugri endurmenntun

Árlegt fjármagn til endurmenntunar verði tvöfaldað á árabílinu 2022-2025 til að viðhalda og bæta við nauðsynlega hæfni fyrir ferðþjónustugreinar. Stuðningur við starfstengt íslenskunám fyrir erlent starfsfólk verði aukinn.

Varðveitum þekkinguna

Samstarf VMST og ferðþjónustunnar um að fá fólk með reynslu og þekkingu aftur til starfa eftir faraldurinn verði eftt, m.a. með því að ýta undir nýtingu ráðningarstyrkja.

Nýskapandi rafræn fræðsla

Nýsköpunarstyrkir verði veittir til eflingar og gæðapróunar rafrænnar fræðslu.

10

UPPBYGGING ÁFANGASTAÐA

Stjórnvöld efla uppbyggingu áfangastaða og vöruþróun og taki skref til að auðvelda uppbyggingu nýrra segla fjarri höfuð-borginni t.d. með bættu skipulagi og auknu fjármagni. Jafnari dreifing ferðamanna fjölgar atvinnutækifærum og eykur verðmætasköpun af ferðþjónustu sem eykur hagsæld dreifðari byggða og ávinning samfélagsins í heild.

Skýrir ferlar og fjármagn

Settir verði upp skýrir ferlar um uppbyggingu og skipulag áfangastaða með sjálfbærni og heildarsamræmingu ólíkra hagsmunaaðila að leiðarljósi. Framlög til áfangastaðastofa verði aukin til að byggja hraðar upp starfsemi þeirra, uppfæra áfangastaðaáætlanir og styðja við þróun nýrra segla.

Frumkvæði sveitarfélaga

Ríkið þrýsti á og styðji við að sveitarfélög sinni betur ábyrgð og frumkvæði við uppbyggingu áfangastaða t.d. varðandi skipulagsvinnu og framboð jákvæðra fjárhagslega hvata. Tryggt verði að sveitarfélög séu hvatningaraðili að uppbyggingu og atvinnuþróun t.d. með skattalegum hvötum, styrkjum, samstarfi o.s.frv.

Húsnæði fyrir starfsfólk

Unnið verði gegn skorti á starfsmannahúsnæði með jákvæðum hvötum og stuðningi við byggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni.

11

EFLING INNANLANDSMARKAÐAR

Stjórnvöld taki markviss skref til að efla innanlandsmarkað ferðþjónustu og auka hlutfall hans í heildarumfangi atvinnugreinarinnar. Sterkari innanlandsmarkaður hefur sveiflujafnandi áhrif, eflir atvinnuþátttöku og eykur þekkingu og ánægju heimafólks með vöxt greinarinnar með aukinni nýtingu lífsgæða sem greinin byggir upp í sveitarfélögum um allt land.

Ferðagjöf framlengd

Ferðagjöfin og markaðssetningaráttak á innanlandsmarkaði verði framlengd út árið 2022 með sambærilegu fjármagni og áður.

Tryggari samgöngur

Samgöngur milli landshluta verði eflar m.a. með auknu fjármagni til rekstrar innviða (vetrarþjónusta), aukinni innviðauppbyggingu sem nýtist atvinnugreininni (t.d. samgöngur) og eflingu tíðni og nýtingar í innanlandsflugi t.d. með skattalegum hvötum.

Skýr ábyrgð og samvinna

Ábyrgð, samvinna og verkaskipting áfangastaðastofa, Ferðamálastofu og Íslandsstofu vegna markaðssetningar á innanlandsmarkaði verði formfest.

Álagsdreifing á vetrartíma


Skólafrí verði samræmd innan sveitarfélags en dreift í tíma milli sveitarfélaga svo aðstæður skapist til að dreifa álagi og tækifærum til ferðalaga innanlands yfir veturinn.

MÆLIKVARÐAR FYRIR MARKMIÐ FERÐAÞJÓNUSTUNNAR TIL ÁRSINS 2025

Fleiri mælikvarða og efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg markmið um árangur er að finna í árangursmælaborði Samtaka ferðaþjónustunnar á vefnum **vidspyrnan.is**.

Í árangursmælaborðinu er fylgst með framvindu mælanlegra markmiða er tengjast viðspyrnu ferðaþjónustunnar og stefnumarkmiðum sem eru sett fram í Framtíðarsýn ferðaþjónustunnar til 2030. Mælikvarðarnir varða leiðina í átt að markmiðum um árangur sem þarf að vera náð árið 2025.


EFNAHAGUR



Mælikvarði: Útgjöld ferðamanna á áfangastaðnum
Verðmæti 2019: 553 milljarðar króna (ma.kr.)

Markmið 2025: Útgjöldin eru a.m.k. 570 ma.kr.


HEIMAMENN SAMFÉLAG



Mælikvarði: Jákvætt viðhorf heimamanna til ferðaþjónustu

Markmið 2025: 90% Íslendinga er ánægður með ferðaþjónustu í sínu samfélagi


FERÐAMENN SAMFÉLAG



Mælikvarði: NPS Score Íslands
(Net Promoter Score – isl: Meðmælaskor)

Markmið 2025: Meðmælaskorið er a.m.k. 75

UMHVERFI



Mælikvarði: Hlutfall fyrirtækja í ferðaþjónustu sem hafa sett sér markmið eða gripið til aðgerða varðandi sjálfbærni á síðustu 12 mánuðum.

Markmið 2025: Hlutfallið er a.m.k. 85%